

Fundur 26.2.2024 Kristín læknir dó 1918, er langamma dóttur Sveins Haraldssonar miðils.

Komið þið nú blessuð og sæl.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Loksins kemst ég í sambandið og gleður það mig, hér er ástandið gott og finn ég enn þá meiri orku streyma um mig á nýju jörðinni, heldur en á þeirri sem ég var á hér áður.

Og eru hér ýmis undur náttúrunnar og vísindanna og ekki var það eins mikið undrunar efni að komast á þessa jörð eins og að komast á mína fyrstu framlífs jörð, þar sem undirstöðu atriðin voru mér þekkt og hafði ég jafnvel mikinn áhuga á þessum málum og hafði því kynnt mér vel þessar kenningar og hvað við tæki.

En var það ekki svo á framlífs jörð minni á jörðinni ykkar, og var það því mikil undrun, undrunarefni að komast á fyrstu framlífs jörð mína og tók það mig langan tíma að vinna úr hæfileikum mínum og fyrirætlunum og raða saman brotunum úr fyrstu jarðvistinni og taka nýja stefnu og vinna úr því sem mér hafði verið gefið.

Var nú líkami minn orðinn gamall og hrörlegur á fyrstu framlífs jörð minni og var það því mikið fagnaðarefni að komast hér yfir á annan framlífs hnött minn og njóta fullrar heilsu.

Og hér er mannkynið enn þá samstilltara en það var á þeim hnetti og hefur mér hér tekist að ná markmiðum mínum margfalt betur en á fyrstu framlífs jörð minni og gleður það mig mikið.

Og það er svo mikilvægt þegar fólk er sammála og þarf ekki að eyða orku sinni í deilur og stríð og já það er svo merkilegt hvað það getur verið erfitt að komast í sambandið til ykkar, þegar ég var á fyrstu framlífs jörð minni reyndi ég oft að komast í sambandið en ekki tókst það og var mér sagt að stilliafl það sem dreyf mig áfram var of ólíkt stilliaflinu á gömlu jörðinni og miðillinn gæti ekki tengt sig inn á þá bylgjulengd svo gagn væri að, en það átti nú samt fyrir minni fjölskyldu að liggja að tengjast honum.

Og hef ég að vísu deilt við hann stundum en höfum við einnig átt góð samskipti.

Já ég hef talsvert rannsakað orkuna á bak við svona sambönd og vísindin á bak við þau og gleður það mig því mjög mikið að vera komin á jörð þar sem þekkingin á þeim fræðum er enn meiri og hef bætt við mig í þekkingu.

Gæta þarf að því að tíminn líður fljótt og vil ég reyna að segja á mér deili. Dó af minni fyrstu framlífsjörð fyrir um það bil tuttugu árum og átti bjarta framtíð fyrir mér á jörðinni ykkar Íslandi góða en voru erfið umskiptin og þær vonir urðu að engu og fjölskylda mín, vorum bara tvö systkinin og dóum bæði og foreldrar okkar dánir, þannig að ég notaði læknisfræði þekkingu mína og bætti við hana á nýrri jörð til að komast að því hvað það var sem gerðist og var það stórt rannsóknar teymi og verð ég að koma síðar í sambandið til að lýsa því nánar, ekki er unnt að fara nákvæmlega út í það en tímatal okkar er ekki það sama og ykkar en árið var 1943 á ykkar jörð þegar fyrsta barnið fæddist og dó ég á ykkar jörð 1918 í Spænsku veikinni.

Kom fram á nýrri jörð það ár og dóttir hennar fæddist árið 1978 og er á ykkar tímatali og er það sú sem er móðir þeirrar sem talaði hér fyrst.

Og stunda ég hér vísindastörf á nýjum framlífs hnetti, bróðir minn var prests menntaður og kominn í Háskóla, en dóum bæði í Spænsku veikinni og hef ég ýmsu komist að í sambandi við farsóttir og vil gjarnan koma að því síðar, en ekki veit ég hvort tækifæri er til þess að sinni.

Verð ég nú brátt að kveðja en gleður mig að koma nokkrum atriðum á hreint, reyni bara að koma síðar, nafn mitt er Kristín, næ ekki alveg föður nafninu, en reyni ég að koma síðar, þið áttið ykkur betur á þessu og finnið kannski einhver gögn um þetta, verið þið sæl og þakka ég fyrir mig og reyni að koma síðar, verið þið sæl.

*Vertu blessuð Kristín og þakka þér fyrir komuna.*